# Fólk

Tíska

MÁNUDAGUR 5. FEBRÚAR 2018

# Sýndi í Köben

María Nielsen fatahönnuður tók þátt í tískuvikunni í Kaupmannahöfn í hönnunarkeppninni Designers Nest í liðinni viku. Hún segir þátttökuna dýrmæta í reynslubankann. ➔2



María Nielsen fatahönnuður sýndi útskriftarlínu sína á tískuvikunni í Kaupmannahöfn. MYND/ANTON BRINK

*Frábærar veislur fyrir hópa*

Lambalæri bernaise og lambakótelettur 3.600 kr.
Þorramatur og heit og köld sviðaveisla 3.600 kr.
Siginn fiskur og saltfiskur með hömsum 2.900 kr.

Sjávarréttasúpa, smáréttir, salatbar og viðeigandi meðlæti, kaffi og hjónbandssæla innifalið

Lágmark 10 manns.
Nánari upplýsingar á sjavarbarinn.is



SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is



Framhald af forsíðu ➜

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Designers Nest hönnunarkeppnin fór fram í Kaupmannahöfn þann 30. janúar. Keppnin er haldin tvisvar á ári milli tíu fremstu hönnunarskólanna á Norðurlöndunum í tengslum við tískuvikuna í Kaupmannahöfn. Þrír nemendur er valdir til þátttöku úr hverjum skóla og að þessu sinni fóru frá Listaháskóla Íslands María Nielsen, Kristín Karlsdóttir og Guðjón Andri Þorvarðarson. María segir þátttöku í keppni sem þessari dýrmæta reynslu fyrir ungan hönnuð.

„Designers Nest er að mestu mastersnemasýning en LHÍ er einungis með BA-prógramm í fatahönnun. Við fórum því ekki út með væntingar um að vinna einhver verðlaun, en þetta er mjög góð æfing í því að koma fram og koma sér og verkum sínum á framfæri. Það er líka lærdómsríkt að hitta aðra unga hönnuði sem eru í sömu sporum og maður sjálfur,“ segir María.

Öll sýndu þau valdar flíkur úr útskriftarlínum sínum á tískusýningu og þurftu einnig að kynna línuna fyrir dómnefnd. „Dómnefndin er skipuð átta manns sem öll tengjast tísku- og hönnunarheiminum og hver hönnuður fékk einungis fimm mínútur. Það þurfti því að skipuleggja sig vel. Þetta var rosalega stressandi. Auðvitað hefur maður margoft staðið fyrir framan kennarana og kynnt verkin sín í skólanum en hér heima er þetta ekki svo stór heimur og maður hefur hitt það fólk oft. En þarna stóð ég fyrir framan ókunnugt fólk, mikilsmetið í faginu, og bunaði út úr mér kynningunni. En þetta gekk vel,“ segir María.

Taugaspenna hafi einkennt keppnisdaginn og mikið hafi gengið á.

„Við hittum módelin snemma um morguninn og mátuðum á þau fötin. Svo var haldin æfing en sýningin fór fram í lok dags. Eins og alltaf tekur hún ekki nema korter, eftir allan undirbúninginn. Þetta er mikil keyrsla en allt gekk rosalega hratt fyrir sig. Flest módelin voru með fjórar innkomur. Hönnuðirnir voru því á hlaupum baksviðs en stemmingin var frábær og allir hjálpuðust að. Ég er með danskt eftirnafn og allir héldu að ég væri dönsk, kannski hjálpaði það til, það töluðu allir dönsku við mig, sem var fínt.“

María sýndi þrjú heildarútlit úr útskriftarlínu sinni frá LHÍ. „Útgangspunkturinn við vinnslu línunnar var hin fullkomna húsmóðir og afbökun á þeirri ímynd. Ég skoðaði húsmæðraímyndina um 1960, hvað sú ímynd er orðin blætistengd í dag. Ég bar það saman við bindingar í nútímanum og það kemur fram í böndum á flíkunum og í ýmsum smáatriðum í flíkunum.“

Opnar þátttaka í keppninni einhverjar dyr? „Það á eftir að koma í ljós. Það er fyrst og fremst undir manni sjálfum komið hvernig maður nýtir sér þetta tækifæri. Eftir sýninguna á ég bunka af nöfnum sem tengjast inn í þennan bransa og einnig er þetta gott á ferilskrána. Ég útskrifaðist frá LHÍ síðasta vor og mig langar til þess að flytja út í mastersnám. Danmörk og Svíþjóð eru þar efst á lista.“



María stefnir á mastersnám í fatahönnun og þá er gott að hafa Designers Nest á ferilskránni.

> ” Flest módelin voru með fjórar innkomur. Hönnuðirnir voru því á hlaupum baksviðs en stemmingin var frábær og allir hjálpuðust að. Ég er með danskt eftirnafn og allir héldu að ég væri dönsk, kannski hjálpaði það til.







María sýndi þrjú útlit á sýningunni en ímynd hinnar fullkomnu húsmóður var innblásturinn. MYND/DESIGNERS NEST

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 512 5439 ,

FERMINGARBLAÐIÐ

**Veglegt sérblað Fréttablaðsins**
um fermingar kemur út 27. febrúar nk.
Allt sem viðkemur fermingunni og miklu miklu meira.

**Tryggðu þér gott auglýsingapláss**
**í langmest lesna dagblaði landsins.**



**Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512 5402**
**eða sendu okkur póst á netfangið serblod@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



SUBARU OUTBACK, 2016, Dísel, ek: 3 Þ.KM, Sjálfsk. Bakkm.vél, Ísl. leiðs. kerfi ofl. Harðskeljadekk, v.4,4m. s:698-5665

## Hópferðabílar



**RÚTUR TIL SÖLU**
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

## Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2018 STÓRSPARNAÐUR!**

Kauptu beint frá Þýskalandi. Við aðstoðum þig.
Allar fyrirspurnir sendist á: kriben@simnet.is s. 863 4449.Ath takmarað magn.

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

ráðum
ráðningarstofa
Ertu að leita að starfi?
RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is




TAKTIK 4944#

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**HÚSASMÍÐI:**
getum bætt við okkur verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald.

Uppl. í s. 858 3300

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !
Uppl. í s: 788 8870 eða
verk@murumogsmidum.is
Múrum og smíðum ehf

## Spádómar

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
SPÁMIÐILL
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta



Borgarafl ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Foreldrar bera meginábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

## Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**
**Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

TILKYNNA ÓVIDEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

INHOPE insafe
SAFT

